



Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2019050025

13. maí 2019

### Brautarholt, bann við því að leggja

Lagt er til að sett verði bann við því að leggja:

- Við norðurkant Brautarholts frá Ásholti að Stórholti. Bannið sé táknað með B21.11.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.


Myndir til skýringa eru á næstu síðu. Í Brautarholti á þessum kafla eru hornrétt bílastæði. Aftan við hornrétt bílastæði þurfa að vera 6 til 7 m svo hægt sé að bakka út úr slíku stæði án þess að þurfa að gera það í mörgum atrennum. Akbrautin utan bílastæðanna er um 6-7 m breið sem er æskileg breidd akbrautar götu eins og Brautarholts. Það er því ekki nægt pláss til að hafa samsíða bílastæði til viðbótar í götunni.

Fyrir hönd skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Yfirverkfræðingur samgöngumála



Mynd 1 Lagt er til að óheimilt verði að leggja við á þeim stöðum sem merktir eru með rauðu. ([www.borgarvefsja.is](http://www.borgarvefsja.is), LUKR/Samsýn)



Mynd 2 Lagt er til að óheimilt verði að leggja við norðurkant Brautarholts frá Ásholti að Stórholti.